

TRUENORTH®

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ráðherra atvinnuvega og nýsköpunar
Skúlagötu 4
101 Reykjavík.

RE: Vegna frumvarps til breytinga á lögum nr. 43/1999, um tímabundnar endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á Íslandi.

ALMENNT

Þau áform til breytinga á lögum sem nú liggja fyrir í samráðsgátt stjórnvalda komu undirrituðum nokkuð á óvart, sér í lagi þar sem undirritaður sat fundi með nefndinni um tillögur að þessum breytingum.

Til að byrja með ber að fagna þegar endurskoðun á lögum fer fram enda er yfirleitt gert ráð fyrir að með endurskoðuninni felist umbætur. Að mínu mati eru því miður í þessum tillögum litlar umbætur heldur þversagnir og lagt er til að tekið sé skref aftur á bak.

Síðan lögin voru sett árið 1999 hafa fjórum sinnum verið gerðar endurbætur á þeim. Stærstu endurbæturnar hafa verið hækkun á prósentuhlutfalli til endurgreiðslna. Auk þeirra breytinga hafa ýmsir agnúar á lögnum verið lagaðir. Síðast voru gerðar breytingar á lögnum árið 2016 þar sem endurgreiðsluprósentan var hækkuð upp í 25% og var sú tillaga samþykkt nánast samhljóða á Alþingi af öllum flokkum. Því spyr ég nú, hvað hefur breyst síðan þá?

TRUENORTH & KVIKMYNDAIÐNAÐURINN

Truenorth var stofnað árið 2003 og var upphaflegur tilgangur félagsins að þjóna erlendum aðilum sem vildu nýta sér Ísland sem tókustað fyrir kvikmyndir eða sjónvarp. Á þeim sextán árum sem fyrirtækið hefur starfað hefur gríðarlegur fjöldi verkefna komið til landsins sem hefur hjálpað til við að byggja upp mjög blómlegan kvikmyndaiðnað á Íslandi og ekki sýst hjálpað til að vekja athygli heimsins á Íslandi.

Árið 2014 fékk Truenorth Útflutningsverðlaun Forseta Íslands, fyrst kvikmyndafyrirtækja á Íslandi, fyrir störf sín við kvikmyndaframleiðslu. Það má ekki gleyma því að kvikmyndagerð er mjög öflug útflutningsvara og framleiðsla sem skilar miklum gjaldeyristekjum inni þjóðarbúið auk þeirrar miklu athygli erlendis sem landið fær í formi kynninga í kvikmyndum og sjónvarpi.

Fyrir nokkrum misserum var gerð könnun meðal ferðamanna sem komu til Íslands um hver væri helsta ástæða þess að þeir völdu Ísland sem áfangastað. Í ljós kom að 20% völdu Ísland vegna þess að þau sáu Ísland í annað hvort erlendri kvikmynd/sjónvarpsmynd eða sáu íslenska kvikmynd/sjónvarpsmynd. Þetta er há prósentutala sem ætti frekar að vinna í að hækka með meiri stuðningi til kvikmyndagerðarinnar sem svo skilar sér í fleiri ferðamönnum.

Skoðum dæmi. Árið 2012 kom Tom Cruise til Íslands og tók upp kvikmyndina “Oblivion”. Ári seinna kom sú mynd út í kvikmyndahúsum um allan heim og ræddi Tom Cruise mikið um Ísland og hversu frábært landið og þjóðin eru. Hann talaði um Ísland í ca. 10 mínútur í hverjum spjallþætti sem fleiri milljónir bandaríkjamanna horfðu á. Það sama gerðist seinna sama ár þegar Ben Stiller kynnti kvikmynd sína “The Secret Life of Walter Mitty”. Er það tilviljun að fjöldi ferðamanna sem komu til landsins árin 2014 og 2015 margfaldaðist? Auðvitað eru margar ástæður fyrir aukningunni, t.d. gosið í Eyjafjallajökli, en allavega 20% af þeim komu til landsins komu út af kvikmyndum sem þessir ferðamenn sáu. Við Íslendingar gætum aldrei greitt fyrir eins góðar auglýsingar og þegar stærstu stjórnur hvíta tjaldsins tala vel um land og þjóð.

ÞAK Á ENDURGREIÐSLUR

Í tillögum nefndarinnar er talað um að meginmarkmið laganna og tillagnanna sé sú að byggja upp og laða að landinu erlend verkefni. Þetta er alger þversögn við það sem tillögurnar snúast svo um. Með því að setja þak á endurgreiðslurnar þýðir það einfallega að ef erlendur framleiðandi ákveður að eyða meira en 1.5 milljarði ÍSK þá skerðist prósentuhlutfall endurgreiðslunnar til hans. Erum við þá að segja að við viljum ekki stór verkefni til landsins, bara lítil verkefni svo tekjur ríkissjóðs verði minni en ella?

Ef við lítum til baka sést mjög glögglega á hvaða árum erlend verkefni komu ekki til landsins. Það er frá árinu 2004–2009 að undanskildu einu verkefni, “Flags of our Fathers” sem kom hingað árið 2005. Hverjar eru ástæður þess að verkefni komu ekki á þessum árum? Það var hátt gengi krónunnar. Það sama gerðist með gengið á árinu 2017 og lengst af 2018 enda hefur ekkert erlent verkefni fengið greidda endurgreiðslu árið 2019. Gengið styrktist og Ísland varð of dýrt. Ferðamannaiðnaðurinn er enn að súpa seyðið af því.

Þó svo að Ísland sé fagurt og endalaust auðugt af frábærum tókustöðum þá eru allar ákvarðanir framleiðenda teknar út frá fjárhagslegum sjónarmiðum. Við framleiðendur á Íslandi hugsum eins, höfum bara úr minna að móða. Þannig ef endurgreiðsluprósentan lækkar við það að “of stórt” verkefni kemur til landsins þá þýðir það einfaldlega að uppbygging og stærð verkefna sem koma til landsins staðnar. Það sem verra er, trúlega

fækkar þeim um leið og það fréttist að það sé komið þak á endurgreiðslukerfið á Íslandi og erlendir framleiðendur byrja að líta til annarra landa.

Hvaða dæmi höfum við næst okkur? Írland er með 32% endurgreiðslu, Frakkland er með 30%, Tékkland er með 25% og önnur fyrrum austur Evrópu lönd erum með minnst 25% og fjórum sinnum lægri launakostnað. Noregur, Svíþjóð og Finnland eru með 25%. Í stað þess að gera tillögur um þak á Íslandi ættum við frekar að hækka endurgreiðsluna uppí 30% til að byggja enn frekar undir þann glæsilega iðnað sem hefur skapast hér á landi síðast liðin 20 - 30 ár.

Það ber að hafa annað í huga. Með aukinni sjónvarpsframleiðslu, sérstaklega með komu sjónvarpsveitna á borð við Netflix, þá aukast líkur á því að “stórt” verkefni komi til Íslands. Í þessum töluðu orðum er ein sjónvarpsveita að skoða möguleika á að koma hingað til lands með nýja framhalds sjónvarpsseríu sem gæti orðið að fimm ára verkefni. Ef tillögur um þak nefndarinnar ná fram að ganga kemur þessi sería ekki hingað. Framleiðendur hafa nú þegar tilkynnt okkur það. Hvort sem verður af þessu verkefni eða ekki þá er það eingöngu tímaspursmál hvenær næsta stóra bíómynd eða sjónvarpssería kemur til landsins. Viljum við til að mynda segja nei við seríur á borð við “Game of Thrones” af því við höldum að við séum að spara með þaki á endurgreiðslurnar. Erum við virkilega svona þröngsýn að við sjáum ekki skóginn fyrir trjánnum? Þetta fyrirkomulag er með betri fjárfestingum sem hægt er að bjóða uppá þegar kemur að kvikmyndagerð á Íslandi.

Það hefur legið fyrir frá því að lögin voru skrifuð að kerfið er algerlega sjálfbært! Ef enginn kemur til landsins þá kostar það ekki ríkissjóð neitt. En eins og lögin eru sett upp í dag þá greiðir erlendi aðilinn allan kostnað fyrirfram í erlendum gjaldeyri, verkefnið er gert upp, og svo er gefinn 25% afsláttur á því sem var eytt í landinu. Í millitíðinni er ríkið búið að fá meira en 25% til baka í formi skatta, launatengdra gjalda, virðisaukaskatts og auknum vörukaupum tengdum verkefninu. Þetta er frábær fjárfesting!

Þessi rök hér að ofan hafa verið lögð fram af aðilum Háskóla Íslands, nefnd á vegum fyrrverandi Iðnaðarráðneytis og kvikmyndagerðarmönnum. Það er því enginn sparnaður, eins og nefndin leggur til, að fækka verkefnum sem vilja koma hingað til lands, því þá minnka tekjur ríkisins. Þetta er algerlega galin hugmynd því fjárfestingin minnkar! Því meira sem erlendir framleiðendur eyða á Íslandi, því meira græðir ríkið.

Við líkjum oft þessum stóru verkefnum sem koma til landsins við “súper túrisma”. Eitt fyrirtæki kemur til landsins með einn milljarð ÍSK í vasanum, eyðir peningunum víðsvegar um landið á einum mánuði, fær afslátt líkt og ferðamenn fá virðisaukaskattinn greiddan til baka, og auglýsir svo land og þjóð um ókomna tíð á meðan kvikmyndin eða sjónvarpsserían er í sýningum um allan heim! Hvernig getur þetta ekki verið hagkvæmt? Og ofan í lagt er þetta eins grænn iðnaður og hugsast getur því kvikmyndagerðamenn á Íslandi vinna náið með Umhverfisstofnun þegar farið er útá land og tókustaðir valdir. Þannig er að því gætt að við skiljum við landið í nákvæmlega sama horfi og áður en komið var þangað.

Hitt ber að nefna, eins og kemur fram í bréfi Snorra Þórissonar hjá Pegasus, að staðir á landsbyggðinni njóta yfirleitt góðs af komu erlendra framleiðenda til landsins. Því oftast en ekki eiga tókurnar sér stað úti á landi en ekki í Reykjavík. Truenorth sá um gerð “Fast and

Furious” árið 2016 við Mývatn og stóðu tökur yfir í fimm vikur. Öll hótél og staðir þar sem hægt var að gista voru leigð, fólk ráðið í vinnu, öll þjónusta keypt á svæðinu og mikil innspýting í efnahagslíf staðarins á annars rólegum tíma ársins. Sama á við um Fortitude á Austfjörðum auk allra hinna fjölmörgu verkefna sem komið hafa til landsins.

Ef þessar tillögur ná fram að ganga þá munu afleidd störf tapast auk fastra starfa í kvikmyndabransanum. Eitt af því sem hefur hjálpað til við að byggja upp blómlegan kvikmyndaiðnað á Íslandi eru erlendu verkefnin. Við framleiðum 4–5 kvikmyndir á ári auk sjónvarpsþátta sem er ekki nóg til að viðhalda iðnaðinum. Með því að fá erlend verkefni til landsins hefur iðnaðinum tekist að viðhalda störfum fyrir hátt í fimmtán hundruð manns árlega. Án þessara verkefna væri iðnaðurinn minni, skatttekjur minni og fleiri myndu flytjast til annarra landa í atvinnuleit eins og gerðist eftir hrunið. Það er dýrt að missa hæfileikaríkt fólk úr landi og mikil blóðtaka í okkur iðnaði sem byggir á mikilli sérþekkingu.

Annað sem er sérstakt við kvikmyndagerð er að hvert verkefni er nánast eins og sprotafyrirtæki. Þó svo að í grunninn séum sömu vinnubrögðin á flestum verkefnum þá er fjármögnun alltaf mismunandi, verkefni getur tekið mörg ár í undirbúningi og margvíslegar áskoranir sem þarf að taka á. Það hefur verið ákveðinn styrkur í endurgreiðslukerfinu því það hefur alltaf verið hægt að ganga að því vísu. Bæði fyrir innlenda sem og erlenda framleiðendur. Enn og aftur með þessum tillögum er verið að ógna þeim stöðugleika.

Um þessar mundir eru miklar framkvæmdir í Gufunesi og mörg kvikmyndafyrirtæki stefna á að flytja skrifstofur sínar þangað á næstu misserum. Þungamiðja svæðisins er risastúdíó sem Baltasar Kormákur er að reysa og er það hugsað fyrir innlend verkefni en ekki síður stór erlend verkefni enda hefur alvöru stúdíó skort á Íslandi. Ef þessar lagabreytingar ná fram að ganga þá er þessi uppbygging í uppnámi því ef stór kvikmyndaverkefni hætta að koma til landins þá er grundvelli fyrir svona stóru stúdíó ógnað verulega.

Það yrði því algerlega “catastrophic” fyrir kvikmyndaiðnaðinn á Íslandi ef þessar lagatillögur ná fram að ganga. Þær ganga þvert á tilgang laganna sem nú eru sjálfbær og standa því undir kostnaði við endurgreiðsluna. Lögin eru einföld, gangsæ og svo ég sletti nú aðeins “if it ain’t broken, why fix it?”

MENNING

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, mennta- og menningamálaráðherra, hefur verið ötull stuðningsmaður íslenskrar tungu og þreytist ekki við að skrifa og fjalla um málefnið. Enda mikilvægt því við Íslendingar búum að mjög litlu málsvæði þar sem mikilvægt er að hlúa að íslenskunni. Átak í þessum málum stendur yfir í hennar ráðuneyti og styðjum við kvikmyndagerðarmenn heilshugar þetta átak.

Það er því einkennilegt hvernig eitt ráðuneyti virðist verða í algerri þversögn við hitt. Við Íslendingar búum á mjög litlu málsvæði þar sem mikilvægt er að búa til sem mest íslenskt efni fyrir heimamarkaðinn. Að okkar mati skiptir ekki máli hvort um er að ræða leikið efni eða skemmtiefni einsog nefndin orðar það. Sjónvarpið er sterkasti miðill okkar tíma og við þurfum að vera dugleg við að búa til íslenskt efni því það er spegill samtímans. Íslendingar

vilja horfa á íslenskt efni og margt af því vinsælasta sem framleitt hefur verið hér á landi er skemmtiefni.

Með því að draga úr endurgreiðslu til skemmtipátta þá minnkum við strax íslenskt efni um 20% sem er grafalvarlegt mál. Allar sjónvarpsstöðvar landsins reyna eins og þær geta að framleiða eins mikið íslenskt efni fyrir sína viðskiptavini því íslenskt efni er eina “frumsýnda” efnið sem þessar stöðvar hafa. Þættir á borð við Landann, Á tali með Loga, Ferðastiklur, Sönn íslensk sakamál eða þeir hundruðir annarra þátta sem hafa verið gerðir undanfarna áratugi, hafa heillað Íslendinga og fengið mikið áhorf. Endurgreiðslan gerir okkur kleift að viðhalda þessum fjársjóði um leið og við styrkjum íslenska tungu.

Auk þessa þá er mjög algengt að vaxtasproti kvikmyndaiðnaðarins sé í formi skemmtipátta. Fólk að stíga sín fyrstu spor í framleiðslu byrjar oft en ekki á þessari gerð þátta því að umfangið er minna og auðveldara að byrja í þessari gerð kvikmyndagerðar. Með því að þurrka út þessa gerð með einu pennastriki erum við ekki bara að berja niður vaxtasprotana því þar fyrir utan myndi rekstrargrundvöllur margra fyrirtækja hverfa. Sum fyrirtæki myndu hreinlega verða gjaldþrota sökum verkefnaskorts sem okkur þykir ekki vera rétt stefna stjórnvalda.

Stjórnvöld hafa verið iðin við að minna á fjórðu iðnbyltinguna og að byggja upp skapandi greinar í landinu. Í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar er það eitt af markmiðunum að hlúa að skapandi greinum og því ætti ríkisstjórnin að halda sig við þau markmið og byggja upp gott umhverfi fyrir slík verkefni. Áhrif skapandi greina á þjóðarþróun hvers lands eru vaxandi um allan heim og þau gætu auðveldlega orðið einn af burðarásum íslensks atvinnulífs.

Að mínu mati er því verið að senda röng skilaboð með því að strika út með einu pennastriki fjárfestingu ríkisins í skemmtiefni fyrir Íslendinga.

NEFND Á VEGUM MENNTAMÁLARÁÐHERRA

Menninga- og menntamála setti á fót nefnd skipuðum tólf manns til að kortleggja og koma með tillögur að heilstæðri kvikmyndastefnu á Íslandi til tíu ára, frá 2020–2030. Nefndin hóf störf síðla veturs 2019 og er gert ráð fyrir að vinnunni ljúki á þessum vetri enda rennur út samningur framleiðenda við ríkið í lok árs 2019. Það skýtur því skökku við að á sama tíma og þessi vinna er í gangi að tillögur um breytingar á lögum um endurgreiðslu komi upp. Ef á að samræma lög um kvikmyndastefnu til tíu ára þá þykir framleiðendum eðlilegt að fjallað verði um öll mál sem tengjast kvikmyndagerð á heilstæðan hátt.

MISNOTKUN Á KERFINU

Fram kemur í skýrslu nefndarinnar að einhverjar áhyggjur hafi verið af mögulegri misnotkun á lögum og kerfinu um endurgreiðslu. Bæði ég og framleiðendur tókum heilshugar undir að lögin og kerfið eigi að vera gagnsæ og ef um misnotkun hafi verið að ræða í einstaka tilfellum þá þurfi að stoppa slíkt athæfi. En það er hægt að gera á einfaldan hátt eins og

nefndin reyndar kemur með tillögur um – að skylda öll verkefni, sama hversu smá þau eru, til að fara í gegnum endurskoðun hjá löggiltum endurskoðanda.

LOKAORÐ

Að mínu mati er engin þörf á þessum tillögum að breytingum laga á endurgreiðslunni. Einsog áður segir hafa lögin virkað einstaklega vel hingað til og allar breytingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár hafa haft að leiðarljósi að bæta lögin enn frekar. Með þessum tillögum er alls ekki verið að bæta lögin heldur farið í þversögn við upphaflegar hugmyndir um að laða að erlend kvikmyndaverkefni til landsins. Það ætti því að falla alfarið frá þessum breytingum en þess í stað auka frekar endurgreiðsluprósentuna ásamt því að herða eftirlit með uppgjöri verkefna.

Virðingarfyllt



Kristinn Þórðarson

Framleiðandi hjá Truenorth og formaður SÍK